

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga 2024

Haldinn á Hotel Natur 4.-5. maí 2024

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Ólöf Þórðardóttir formaður setur fundinn, býður alla velkomna og þakkar góðar móttökur hér á Hótel Natur. Hún stingur upp á Kristbirni Steinarssyni frá Freyvangsleikhúsinu sem fundarstjóra og Fanneyju Valsdóttur frá Leikfélagi Hörgdæla sem fundarritara og er það samþykkt með lófaklappi.

Ólöf býður Önnu Maríu Hjálmarsdóttur í pontu og hún útskýrir hví sjónvarpið er mætt á staðinn en nú stendur til að gera heimildarmynd um áhugaleikfélögin í landinu. Þau munu vera hér á fundinum, fylgja því félagi sem verður valið athygliverðasta áhugaleiksýningin í Þjóðleikhúsið og í Leiklistarskólanum í sumar og jafnvel munu þau heimsækja leikfélögin í landinu. Verkefnið á eftir að þróast en von er til þess að þetta muni koma áhugaleikfélögunum á kortið og vekja fólk í landinu til umhugsunar um mikilvægi starfseminnar sem að lokum muni skila sér í auknum fjárveitingum til starfsins. Hún lýkur máli sínu á að benda á að ef einhver kærir sig ekki um að vera í mynd láti viðkomandi vita og reynt verði eins og kostur er að verða við því. Beinir því til fundarmanna að sitja saman á ákveðnum stað í salnum svo auðveldara sé að verða við slíkum óskum.

Hörður fær orðið og kemur með tvær tilkynningar, annars vegar að félög gera upp sína gistingu á staðnum en reikningar fyrir fundarsetu, mat og allt hitt mun berast félögum eftir fund. Hins vegar er ábending til þeirra sem taka þátt í stuttverkahátíð, þeir þurfa að vera mættir í Freyvang í síðasta lagi kl. 13:00.

Kristbjörn tekur nú við fundarstjórn og kannar lögmæti fundar og er hann löglegur. Hann gefur kjörnefnd orðið.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Kjörnefnd tekur til starfa. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir segir frá því að Anna María Hjálmarsdóttir, Jónheiður Ísleifsdóttir og Hanna Margrét Kristleifsdóttir eigi að ganga úr stjórn en þær gefa allar kost á sér áfram. Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir og Lilja Guðmundsdóttir eiga að ganga úr varastjórn og hvorug gefur kost á sér áfram. Dýrleif sem setið hefur í kjörnefnd gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu og því þarf að kjósa nýjan fulltrúa í kjörnefnd. Sigríður Lára les upp þau félög sem eiga atkvæðisrétt á fundinum og Axel og Gerður deila út atkvæðaseðlum.

Fundarstjóri biður fundargesti að kynna sig sem þeir gera með mikilli ánægju. 56 fulltrúar frá 15 félögum eru skráðir á fundinn.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Anna María les menningarstefnu Bandalags íslenskra leikfélaga.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Hörður segir frá því að eitt leikfélag hefur verið tekið inn

- Leikfélag Eyrarbakka

Þrjú leikfélög óska eftir að ganga út

- Leikfélagið Sýnir
- Stúdentaleikhúsið
- Leikfélagið Lopi

Aðildarfélög bandalagsins eru eftir breytingar 37 talsins.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundarstjóri segir fundargerð síðasta aðalfundar hafa borist með fundarboði og kallar eftir athugasemdum. Engar athugasemdir eru gerðar við hana og er hún samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla stjórnar.

Ólöf flytur skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga Lögð fram á aðalfundi að Þórisstöðum í Eyjafirði 4. – 5. maí 2024

I-Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, formaður

Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, varaformaður

Jónheiður Ísleifsdóttir, Selfossi, ritari

Anna María Hjálmarsdóttir, Akureyri, meðstjórnandi

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, meðstjórnandi

Í varastjórn sátu Fanney Valsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir, Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir, Bjarklind Þór og Sigrún Tryggvadóttir.

Framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöð BÍL er Hörður Sigurðarson.

Stjórn hélt sex starfsfundum á árinu. Einn að afloknum aðalfundi í Neskaupstað og fjóra í þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík og á netinu og og þann síðasta hér fyrir norðan. Fjarfundarbúnaður var notaður sem og hópsamskipti til að leysa úr ýmsum málefnum

Er stjórn og skólanefndarfólki þökkun góð samvinna á árinu og Herði framkvæmdastjóra er einnig þakkað fyrir frábært samstarf.

II-Starfsemi félaganna

Á síðasta ári sendu 28 félög inn styrkumsókn vegna leikársins 2022-2023, vegna 49 leiksýninga og leikþátta, 15 námskeiða og 31 nemenda í Leiklistarskóla Bandalagsins sumarið 2022. Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd var 443.805 kr. Ársritið okkar inniheldur allar frekari upplýsingar um starfsemina. Tölur um umfang starfsins á þessu leikári liggja ekki fyrir, en það hefur verið mjög kraftmikið og virðist sem félögin hafi endanlega hrist af sér Covid-áhrifin sem enn örlaði á í fyrra. Aðildarfélög Bandalagsins voru í vor 40 talsins.

III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var í maí 2023 var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnum. Þessi setning helst óbreytt inni að venju og mikið sem það væri gott að geta sleppt henni. Vefurinn okkar leiklist.is er gott stjórnþæki fyrir framkvæmdastjóra. Vefurinn nýtist félögum vel fyrir almennan fréttáflutning af starfseminni ásamt því að halda utan um umjónarkerfið fyrir styrkumsóknir og aðrar umsóknir, leikhúsbúðin vel aðgengileg, upplýsingagjöf, fundargerðir ásamt skjalavörslu fyrir stjórn og nefndir og margt fleira. Það hefur ekki breyst að brýnt er að endurskrifa Leikritasafnið og auka notkunarmöguleika þess. Sú vinna krefst töluverðs fjármagns til að hægt sé að fara í þær breytingar. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að fá styrk til þeirrar vinnu undanfarin ár en án árangurs enn sem komið er. Um skólann góða munu skólastýri fjalla í skýrslu hér á eftir.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Framkvæmdastjóri og formaður fóru á fund með Lilju Alfreðsdóttur ráðherra síðastliðið sumar. Ráðherra hóf fundinn með því að lýsa yfir vonbrigðum með ályktun aðalfundar 2023 vegna styrkmála og taldi hana engan veginn sanngjarna. Eftir að lagðar höfðu verið fyrir hann upplýsingar um þróun verkefnastyrkja til félaganna og framlags til Þjónustumiðstöðvar síðan fyrir Hrun, áttum við góða viðræður um stöðu mála og endaði Lilja ráðherra að lokum fundinn á að lýsa því yfir að hún vildi draga ummæli sín við upphaf fundar til baka, enda væri full innistæða fyrir ályktuninni. Ýmislegt annað var rætt og m.a. viðruð sú hugmynd að BÍL myndi deila húsnæði með Sviðslistamiðstöð en ekkert hefur frekar gerst í þeim málum enda eitt og sér ekki lausn á okkar málum. Fundinum lauk með loforði um að okkar mál yrðu til skoðunar í náginni framtíð.

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna árið 2023 var 17,4 milj. kr. og hefur það lækkað jafnt og þétt undanfarin ár. Framundan er svo enn frekari niðurskurður á næstu árum. Styrkurinn lækkar skvt. fjárlagaáætlun næstu árin og er þar gert ráð fyrir að hann fari niður í 15.8 milljónir árið 2025 og í 14.7 milljónir árið 2026.

Styrkurinn árið 2024 (17.0 millj.) er í **krónutölu** lægri en hann var árið 2007 (17.2 millj.) sem segir mikla sögu. Uppreiknuð væri styrkupp hæðin frá 2007 í kringum 50 milljónir í dag.

Til þjónustumiðstöðvarinnar var framlagið 6.5 milljónir sem er sama upphæð og í fyrra og reyndar sama upphæð og var árið 2020. Skammtímasamningur til eins árs var gerður skömmu fyrir áramót. Í samtölum við ráðherra fyrr á árinu vorum við búin að heyra að ekki væri svigrúm til hækkunar í ár (2024) en stefnt væri að því að skoða okkar mál er liði á árið og væri von til þess að allnokkur hækkun fáiast þá loks.

Framkvæmdastjóri mun reifa þróun styrkmála hér síðar á fundinum og leggja fram tillögur til aðgerða.

Sérverkefni

Halda stuttverkahátíð í sambandi við aðalfund 2024

Skipuð var þriggja manna nefnd og stuttverkahátíð verður haldin hér á þessu þingi og hafa 9 leikþættir verið skráðir frá 7 félögum.

Stefnt að því að halda vinnustofu í stjórnun leikfélaga á starfsárinu 2023-2024

Ekki tókst að halda þessa vinnustofu þetta leikár.

IV – Önnur mál

Athyglisverðasta sýning ársins var valin af Þjóðleikhúsinu og var það Leikfélag Vestmannaeyja sem að hlaut þann heiður með sýningunni Rocky Horror og var hún sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins í júní.

NEATA Network fundur var haldinn í Reykjavík 10. – 12. október 2023. Lilja Alfreðsdóttir ráðherra bauð hópnum til móttöku en gat því miður ekki sjálf verið til staðar á honum þar sem sama dag steig annar ráðherra úr embætti, í hennar stað mætti skrifstofustjóri ráðuneytisins. Ellefu fulltrúar mættu á fundinn frá öllum

NEATA löndunum. Þjóðleikhúsið bauð upp á fundaraðstöðu og tókst skipulagning og umgjörð fundarins mjög vel. Þakkir til þeirra sem aðstoðuðu við þennan fund. NEATA leiklistarhátíðin sem vera átti í núna í sumar í Noregi hefur verið slegin af þar sem fjármögnun tókst ekki. Verið er að vinna í umsókn til Nordic Culture Point um áframhald á Network Meetings til næstu þriggja ára þar sem ætlunin er að skoða möguleika á fjármögnun fyrir samstarfið. Heimasíða NEATA er neata.eu.

Framkvæmdastjóri fór á fund sem umboðskrifstofan Nordiska boðaði til í nóvember síðstliðnum fyrir tengla þeirra á öllum Norðurlöndunum. Farið var yfir breytingar á fyrirkomulagi leyfisveitinga sem að mun leiða til einhverra hækkunar á gjöldum en um leið einfaldar það ferlið. Áætlað er að þetta verði árlegur viðburður héðan í frá.

Í nóvember boðaði Lilja Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra til móttöku í Norræna húsinu öllum þeim félögum sem að hlutu styrk á árinu. Góð mæting var og hélt Lilja tölu og var ánægð með hversu góð mæting var og hversu öflug við erum og með fjölbreytt starf.

Það var ljóst við framlögn fjárlaga að um mikinn niðurskurð yrði að ræða og var brugðist við því á þann hátt að framkvæmdastjóri setti saman upplýsingapakka sem sendur var á aðildarfélög með beiðni um að tengslanet yrði notað til að þrýsta á þingmenn og þá sem að áttu sæti í nefndinni, á þesum tímapunkti var einmitt verið að skipta út fólki í nefndum.

Húsnæði er að Kleppsmýrarvegi 8. Þar rísa nú háhýsi allt í kring og og hefur oftár en ekki verið mikið ónæði af framkvæmdum. Eins og áður hefur komið er borgin að reyna að kaupa húsið en ekki hafa enn náðst samningar við eigendur. En þarna erum við enn og ekkert heyrt frá leigusala.

Gerður var samningur við Góða Hirðinn um 50% afslátt af öllum vörum til handa leikfélögunum fyrir leikmuni fyrir uppsetningar. Samskipti vegna þess fara í gegnum framkvæmdastjóra. Einungis 2 félög hafa nýtt sér þetta í vetur.

Framkvæmdastjóri fór í desember á fund í Þjóðleikhúsinu þar sem yfirskriftin var Framtíðarsýn í sviðslistum en þar fór fram hópavinna sem nýtt verður sem innlegg í vinnu starfshóps sem er í gangi fyrir endurskoðun á sviðslistalögum. Í framhaldi af því fóru framkvæmdastjóri og ritari stjórnar á fund starfshópsins þar

sem rætt var um áhugahreyfinguna vítt og breytt og náðum við að koma okkar sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri.

Þetta hefur verið gott ár að mörgu leyti og leiklistarstarfsemi um land allt verið með öflugasta móti. Ánægjulegt hefur verið að sjá félög sem að ekki hafa verið virk, í mislangan tíma, vakna til lífsins. Því ber að fagna og vona að það sé til langframa. Við þurfum að styrkja hvert annað og stjórn og framkvæmdastjóri eru alltaf tilbúin til að tala við félögin og vera til aðstoðar. Rennið í þjónustumiðstöðina okkar í Reykjavík eða kíkið á netið, verið dugleg að senda inn fréttir og tilkynningar þannig að aðrir geti fylgst með hvað verið er að gera um allt land.

Megi næsta starfsár vera fullt af leiklist og mikilli gleði út um allt land.

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Reikningar voru sendir með fundarboði og dreift til fundarmanna. Hörður fer yfir reikninga bandalagsins fyrir árið 2023.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Opnað fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Bernharð Arnarson biður um orðið. Þakkar fyrir báða liði. Nefnir að við ættum að vera glöð með hvernig fundi var lokað í fyrra með ályktun. Segir að greinilega hafi það kveikt á einhverju. Það er vakning, en þurfum að hamra járníð. Vill að það komi ný ályktun frá þessum fundi þar sem við hrósum þínu en segjum líka „betur má ef duga skal“. Þakkar fyrir góðan rekstur þrátt fyrir lítið fjármagn og þakkar stjórn fyrir að gera mikið úr litlu.

Hörður svarar og segir varðandi nýja ályktun frá aðalfundi að það muni koma tillaga frá stjórn sem snýr beint að þessu og kemur frekari útlistun í framhaldinu.

Sigríður Lára fékk hugmynd sem hún vildi koma áleiðis. Segir leiðinlegt að spila alltaf vörn og veltir fyrir sér hversu mikið leiklistarstarfið skiptir fyrir félagslega virkni og lýðheilsu. Það er sjálfsprottið starf víða um land og nú er sóknarfæri þar sem styttest í kosningar. Nú er lag, leikfélögin eru á fleygiferð og við getum vel slegið um okkur og bent á að við séum með gott mótvægi við mörgum

vandamálum sem þarfnast úrlausnar í okkar samfélagi eins og einangrun og minnkandi samfélagsleg virkni.

F. Elli Hafliðason kveður sér hljóðs og talar um húsnæðismálin. Vill fá aðeins meiri upplýsingar um það sem kom fram í skýrslu stjórnar um samnýtingu húsnæðis með sviðslistamiðstöð. Er það mögulega hagstætt fyrir okkur að ganga til samstarfs?

Ólöf svarar, hugmyndin er að bandalagið fengi skrifstofuaðstöðu en í raun ekki neitt meira nema aðgang að öllu sem þar er (fundaraðstöðu, ljósritun, prentun o.s.frv.). Þyrftum ekki að greiða leigu og gætum þá notað peninginn okkar í annað en leigu.

Hörður bætir við að við erum í mjög hagstæðri leigu í dag en hins vegar hefur staðið til í mörg ár að selja þetta húsnæði en allt er stál í stál og ekki vitað hvort og hvenær við missum það húsnæði. Þetta er um 1,5 milljón á ári sem við greiðum í leigu og gætum vissulega notað í eitthvað annað ef til samstarfs kæmi.

Ekki eru fleiri sem vilja tjá sig og er skýrsla stjórnar og ársreikningar borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Elli flytur skýrslu skólanefndar.

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL í Eyjafirði 4. maí 2024

Í Skólanefnd, sem sat fram yfir skólahald síðasta sumar, sátu F. Elli Hafliðason formaður, Jónheiður Ísleifsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir. Að loknum skóla lét Dýrleif af störfum fyrir nefndina og Guðfinna Gunnarsdóttir tók sæti hennar í nefndinni. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf Leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Formaður þakkar kærlega öllu samnefndarfólki og framkvæmdastjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskólinn var haldinn að Reykjum í Hrutafirði sumarið 2023 og boðið var upp á þrjú námskeið:

1. Leiklist II – kennari Árni Pétur Guðjónsson.

2. Leikstjórn III – kennari Jenný Lára Arnórsdóttir.

3. Sérnámskeið fyrir leikara - Leikarinn sem sögumaður/hljóðfæri - kennari Björn Ingi Hilmarsson sem var að kenna hjá okkur í fyrsta sinn.

Nemendur voru alls 36 og benti viðhorfskönnun almennt til mikillar ánægju með skólastarfið. Við erum sérstaklega ánægð með að viðhalda tengslum við þrautreynda kennara en um leið fá nýja og metnaðarfulla kennara til starfa.

Auk nemenda voru 15 höfundar í heimsókn og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Ekki aðeins voru ný skólastýri að stýra skólanum í fyrsta sinn, einnig voru nýir staðarhaldarar að Reykjum, en Ungmennafélag Íslands hefur tekið yfir reksturinn. Þrátt fyrir smávægilega hnökra fyrstu tvo dagana gekk samstarfið við UMFÍ afar vel og hlökkum við til áframhaldandi samstarfs.

Árið 2024 er skólinn ráðgerður frá 15.-23. júní. Boðið er upp á fjögur námskeið:

Leiklist I - Kennari Ágústa Skúladóttir. Skráðir eru 18 nemendur.

Leikritun I - Kennari er Karl Ágúst Úlfsson. Skráðir eru 14 nemendur.

Leikstjórn IV - Kennari er Jenný Lára Arnórsdóttir. Skráðir eru 5 nemendur.

Sérnámskeið fyrir leikara - Rúnar Guðbrandsson. Skráðir eru 16 nemendur.

Þá er 4 höfundum boðið í heimsókn en sú nýlunda er í ár að höfundar í sviðslistum er boðnir velkomnir, ekki aðeins leikskáldum.

Við erum afar þakklát fyrir áhugann á skólastarfinu og spennt fyrir samstarfi við hinn óvenju reynslumikla kennarahóp sem verður með okkur í sumar. Hlökkum mikið til að njóta þess skemmtilega og skapandi starfs sem alltaf hefur einkennt skólann okkar.

Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!

Fundarstjóri opnar fyrir umræður. Enginn kveður sér hljóðs.

Hlé í 15 mínútur

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Drög að starfsáætlun

Almenn starfssemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Sérverkefni

1. Skipa starfsráð sem hefur þann tilgang að fá fram leiðréttingu á áratuga niðurskurði á verkefnastyrk leikfélaganna á fjárlögum.
2. Halda upp á 75 ára afmæli Bandalagsins með veglegum hætti.
3. Halda vinnustofu í markaðsmálum og stjórn leikfélaga.

Hörður stígur í pontu til að útskýra aðeins fyrsta lið sérverkefna. Hann talar um hver staðan er núna bæði varðandi samning þjónustumiðstöðvar við ráðuneytið sem og samning til verkefnastyrkja til félaganna. Hugmyndin er að skipað verði 5 manna starfsráð sem hefur þann tilgang að fá fram leiðréttingu á niðurskurði á verkefnastyrk félaganna á fjárlögum. Ráðsmenn setja sig þannig í samband við kjörna fulltrúa og aðra sem geta haft áhrif í fjárlaganefnd. Starfsráðið fundar reglulega og stillir saman aðgerðarstrengi og skilar skýrslu um aðgerð til stjórnar eftir því sem tilefni er til en þó ekki sjaldnar en á 6 vikna fresti.

Sigrún Tryggvadóttir skiptir fundarmönnum í 6 hópa.

Áður en haldið er í hópavinnu kallar Sigríður Lára eftir framboðum í stjórn og varastjórn fyrir hönd kjörnefndar.

Hópar vinna í klukkutíma og þá verður haldið í hádegismat og síðan á stuttverkahátíð. Hópar kynna niðurstöður í fyrramálið.

Fundi frestað til morguns.

Fundi fram haldið 5. maí kl. 10.00.

Hópar kynna niðurstöður:

Hópur 1

Ólafur Þórðarson

Bernharð Arnarson

Gerður H. Sigurðardóttir

Hjördís B. Zebitz

Jóhann Helgi Gíslason

Aðalbjörg Þórólfsdóttir

1. Rekstur Þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annara fastra liða í starfseminni.

Í byrjun skal taka fram við horfum til mikillar aðdáunar til þeirra sem hafa staðið að rekstri Bandalagsins við þau kjör sem sett hafa verið starfseminni. Það er með ólíkindum að hægt sé að halda úti starfi bandalagsins.

Starfsemi Leiklistarskólans.

Nokkur umræða var um Leiklistarskóla Bandalagsins Meðal annars stjórn hans og framboð náms. Okkur finnst umhugsunarvert samsetningin á skólanefnd. Hamlar það þróun skólans að fyrrum skólastjórnendur sitji í nefndinni og gæti ekki verið hollt að skipta út fólki reglulega þannig að ný sjónarmið heyrast. Þarna kom Elli að borðinu og benti á að það væri ómetanlegt að hafa aðgang að uppsafnaðri þekkingu þeirra sem rutt hafa brautina. Við erum sammála því en erum jafnframt viss um að fyrrum skólastýrur væru boðnar og búnar til að ausa af sínum viskubrunni. Hér skal taka fram að þetta er engan vegin gagnrýni á ómetanleg störf fyrrum skólastýra.

Töluverð umræða varð um framboð náms og skiptar skoðanir á hvað ætti að vera í boði hverju sinni. Er eðlilegt eða óeðlilegt að t.d. sé boðið sé upp á 4 áfanga í röð þannig að þeir sem hefðu áhuga á að stíga inn þurfi að bíða í kannski 5-6 ár eftir því að geta komist á grunnnámskeið. Engin niðurstaða varð í umræðunni þannig lagað en bent er á að hugsanlega gæti verið marktækara að nemendur séu beðnir um umsögn sína á náminu eftir að heim er komið en ekki í

skólaslitatilfinningarússibana. Það geti gefið réttmætari mynd af gæðum námskeiðs. Þannig má koma í vega fyrir að verið sé að bjóða upp á nám sem lítill áhugi virðist vera fyrir og bjóða þess í stað upp á grunnáfangu í staðinn.

Leiklistarvefurinn.

Við gerum okkur grein fyrir að vefur Bandalagsins er barn síns tíma og kostnaður og tími er af skorum skammti varðandi viðhald og uppfærslur. Bendum að það megi lagfæra leitarvél sem virðist ekki virka sem skyldi og eins hvort að megi opna á innra vef fyrir fleiri en stjórnarmenn.

Að lokum hvetur hópur 1 þá stjórnarmenn sem hafa leikfélög í fóstri að sinna því starfi bæði af umhyggju og natni.

2. Hækkuð framlög úr opinberum sjóðum o.s.fr.

Hópur 1 fagnar þeim hugmyndum og vinnu sem eru í gangi og styðjum heilshugar.

3. Tillaga stjórnar BÍL um Starfsráð.

Við lýsum yfir fullum stuðningi við tillögu stjórnarinnar um starfsráð. Við leggjum til að við val á fólki í ráðið sé vænlegast til árangurs að fólk af landsbyggðinni sé þar í meirihluta þar sem að aðgengi að ráðamönnum er oft auðveldari úti á landsbyggðinni heldur en á suðvestur horninu. Leitast skal við að það sé einstaklingar sem vitað er að hafi skoðun, brennandi áhuga og jafnvel einhverja sem hafa nú þegar einhver tengsl. Við erum sem sagt að segja að ráðið skuli vera skipað einum Benna úr hverjum landsfjórðungi.

4. 75 ára afmæli BÍL 2025

Við leggjum til að leitast verði samstarfs við stóru leikhúsin með það í huga að þau leggi okkur til húsnæði undir Leiklistarhátíð þar sem að dagskráin yrði samansett af brotum úr verkum sem leikfélögin hafa sett upp eða stuttverkum líkt og við horfðum á í gær.

Bjóða ráðmönnum til veislunnar þannig að þeir geti séð og upplifað þá grósku sem býr í áhugaleikhússenunni.

Hópur 2.

Sigga Lára

Sigga Hafsteins

Bjarklind

Ellen

Freysteinn

Andri

Jenný Dögg

Bakgrunnur fólks í starfsráð:

- Tengslanet. Tala og skrifa senda
- Metnað og eldmóð og hefur trú á starfinu og þorir að taka samtalið.
- Og getur gefið sér tíma til að pönkast í þessu.
- Að þekkja til markaðsmála og kunna á samfélagsmiðla.

Til að ná eyrum stjórnámálanna í aðdraganda kosninga þarf að vekja athygli.

- Leiðir til að vekja athygli.
- Útvarpsstöðvar!
- Talsmenn.
- Valdís á Bylgjunni!

Finna gamla leikfélagshunda, sem hafa dagskrárvald.

Samfélagsmiðlar.

Vera sjáanleg. Kynningar í framhaldsskólum. Samstarf við framhaldsskóla.

Allskonar samstörf við framhaldsskóla.

Sýnileiki. Nota merkið? Minna á okkur?

Að læka allt sem er frá leikfélögum og bandalaginu. Og Followa.

Tiktokvídjó!

Beinagrind að kynningarefni frá Bandalaginu til að nota í kynningar í Framhaldsskólum.

Ungmennafélagstenging. Þarf að vera hægt að æfa leiklist?

Að æfa og iðka leiklist, eins og gert er með íþróttatíma.

Skólaheimsóknir í leikfélög.

Deildir eins og í íþróttunum, þannig að starfið hætti ekki eftir ákveðinn aldur.

Verð á námskeiðum.

Ná þeim ungum.

Af hverju er Tjáning en ekki leiklist, sem skylda?

Styrkir frá fyrirtækjum. Skattafrádráttur. Vantar einhvern að styrkja með peningunum sínum?

Fólk veit ekki nógu mikið af Bandalagsskólanum. Kannski þyrfti að stækka?

- Halda vinnustofu í stjórnun leikfélaga. Halda því í starfsáætlun.
- Leiklistarvefurinn í almennari dreifingu. Skýrari og aðgengilegri.
- Þjónustumiðstöð: Sala í sambandi við Halloween. Gætum haft miklu meiri tekjur í sambandi við Halloween og Öskudag. Bæta netverslunina.
- Leiklistarskóli BÍL: Húsnæði erlendis? Kaupa skemmtiferðarskip? Byggja skóla? Erlenda gestafyrirlesara.

75 ára afmæli Bandalagsins:

Vídjóherferð á Tiktok.

Leikfélag á landsvísu.

Bandalagsskólinn á heimsvísu!

Ráða markaðsfulltrúa í tímabundið verkefni.

Landakort af Íslandi með Bandalagsmerkinu allsstaðar þar sem starfandi eru leikfélög. (Eins og bensínstöðvar N1) til að smella á og þá færðu leikfélagið...

Opna leiklistarhátíð! Pop-up!

Hópur 3.

Helga

Práinn

Sigrún

Hrefna

Daði

Axel – Hópstjóri

Aðalsteinn

Ingberg

Almenn starfsemi

Gera vefinn leiklist.is skilvirkari og aðgengilegri – endurhanna og endurbæta. Gefa skólanum meira vægi á vefsíðunni, jafnvel með sérsíðu Stjórn BÍL fær hrós frá okkar hópi fyrir góða vinnu fyrir bandalagið í fjársveldi og erfiðum aðstæðum

Tilnefning í starfshóp. Við leggjum til að félagsmenn félagana á landsbyggðinni sitji í starfshópnum. Helst úr öllum landshlutum og á misjöfnum aldri.

- Bernharð Arnarson Leikfélagi Hörgdæla
- Sigríður Lára Sigurjónsdóttir Leikfélag Fljótsdalshéraðs
- Jóhanna Sigurbjörg Ingólfssdóttir Freyvangi

- Hví gengur misvel að halda lífi í áhugaleikfélögum um landið? Hvað býr til lífið í þeim? Hver er helsti styrkur bæjarfélaga og hópa?
- Taka þarf saman tölulegar staðreyndir um fjölda félaga, þátttöku í uppsetningum og aðsókn á sýningar í starfi leikfélaganna og nota sem röksemd í samtali við stjórnvöld.
- Bandalagið styrkir barnastarf í formi styrkja og heldur úti leiklistarskóla.
- Þæling með að fá skólastarfið viðurkennt sem slíkt og fá styrki sérstaklega til að halda honum úti.
-
- Bandalagið verður 75 ára á árinu 2025 og því mjög gott tækifæri og tilefni til að vekja athygli á starfseminni og fá ráðuneyti til að efla styrki og stuðning.

- Gestasýningar/sýningar um allt land, á sömu stundu. Skemmtileg leið til að vekja athygli á áhugaleikfélögum um allt land.
 - Smáverkahátíð í Þjóðleikhúsinu með styrk frá Ríkinu á afmælisárinu.

Hópur 4

Guðfinna Gunnarsdóttir - Leikfélag Selfoss

Hrönn Jónsdóttir - Leikfélag Hveragerðis

Heiðar Smári - Leikfélag Húsavíkur

Stefanía Elísabet - Leikfélag Hörgdæla

Fríða Bonnie - Hugleikur

Oddfreyja - Leikfélag Hafnarfjarðar

Hópstjóri Stefanía Elísabet

5 manna starfsráð

Tillaga að í ráðinu verði:

- Kristján Blær - hefur verið framkvæmdarstjóri hjá Leikfélagi Hörgdæla þrjár síðustu sýningar, mælum með að möguleikar á samstarfi séu kannaðir
- Bernharð Arnarsson
- Axel Vatnsdal
- Sigríður Lára Sigurjónsdóttir
- Fanney Valsdóttir - er í varastjórn Bíl og við teljum að tenging inn í stjórn sé góð
- Þórarinn Stefánsson - talnaglöggur meðal annars

Leiðir

Gagnapakki/banki: Að starfsráð skipuleggi og útfæri tillögu um gagnabanka varðandi starfsemi leikfélaga í landinu, tiltekinn dag þurfa allir að senda frá sér kjarnað efni til starfandi þingmanna um verkefnastyrk, starfsemistölur, mögulega fá vídeó frá félögum sem eru ef til vill í uppsetningu, áhersla á uppreiknaðar tölur, þetta kjarnaða efni kæmi frá starfsráði og væri sent út á alla formenn, sem svo sendi sama daginn - allir í einu, tímanlega fyrir kosningar.

Þjóða þingmönnum alltaf á sýningar

Má ekki blanda saman við sveitarstjórnir - það er sérmál hvers félags fyrir sig að berjast fyrir framlögum frá sínum sveitarstjórnnum.

Sérverkefni:

Bandalagið 75 ára á næsta ári, er hægt að tengja það inn í peningasöfnun? Er hægt að tvinna það saman?

Hugmynd um stuttverkahátíð í samvinnu við Borgarleikhúsið/Þjóðleikhúsið? Margt smátt! Árið 2003, 2006, 2009. Stuttverkahátíð í samvinnu við Borgarleikhúsið/önnur staðsetning. Tengja við aðalfund? Setja upp festival. Byrja að vinna í þessu fljótlega, þ.e. vinna í að finna húsnæði, kynna, setja upp form.

- Rafrænt hægt að gera lógó, Bandalagið mitt.

- Hægt að sækja um sértækan styrk vegna handritasafnsins vegna 75 ára afmælisins, til fyrirtækja. Mögulega hægt að leita eftir styrk vegna svo sértæks verkefnis eins og handritasafn

Ýmsir umræðupunktur

- Áhrifavaldar?
- Leikara sem hafa alist upp í áhugaleikhúsi, komin í atvinnuleikhús
- Fræðsluefni?

Vinnustofu í stjórnun leikfélaga í tengslum við aðalfund

Áherslupunktur: Lýðheilsuefling: Farsæld, Hreyfing, samvera, styrking, heilsuefling, ábyrgð, farsældarlög

Hópur 5

Sesselja Traustadóttir

Gunnar Björn Guðmundsson

Jóhanna Sigurbjörg Ingólfssdóttir

Ormur Guðjónsson

Arnar Hrólfsson

Gunnar Ingi Hrafnsson

Inngilding – lýðheilsa – brottfall

Hver er sérstaða áhugaleikfélaga?

- Starf félaganna, allir velkomnir, opið öllum. Gott tæki til að vinna gegn einangrun í samfélaginu.
- Hlúa að inngildingu – nýir Íslendingar 20% af atvinnumarkaðinum. Spurning um að huga að því að hafa vinnustofu næsta vetur til að nálgast nýja Íslendinga. Getum hjálpað til við að kenna íslensku.
- Standa vörð um lýðheilsu – einangrun
- Koma í veg fyrir brottfall með því að hafa eitthvað meira en þessar 6 vikur á ári þegar verið er að vinna leiksýningar. Restin af árinu 46 vikur er kannski ekkert um að vera og þá missum við fólk frá okkur. Búa til tækifæri til að vera meira saman.

Geirmundur fyllir Hörpu í tilefni af 80 ára afmæli => lítið um afrek eldri ípróttamanna. Er munur á hvað við erum að iðka í lífinu.

- Setjum okkur markmið um eigið fé og tekjuöflun. Ekki sjálfgefið að fá styrki.
- Hvert er landslagið í stuðningi heima í héraði?
- Félagsgjald/félagatal, gefa fólki kost á að greiða félagsgjald, skiptir máli fyrir félögin.
- Félag í almannaheillum (sbr. Bandalagið og LK). Hugleikur að vinna í að breyta lögum í sínu félagi til að geta skráð það sem félag í almannaheillum

og geta þannig í stað félagsgjalda boðið fólki að greiða styrk og fá skattaafslátt á móti. Sóknarfæri fyrir félögin.

- Fasti í starfinu; forðast brottfall.

Þjónustumiðstöðin

- Sala á snyrtivörum getur ekki verið ríkisstyrkt.
- Skoða landslag í safnamálum, á handritasafnið kannski heima á skjalasafni.
 - Er leikritasafnið komið á nýjan stað? Ætti það að vera undir safnalögum?
 - Skera niður útgjöld

15 félög af 38 mæta hér á aðalfund, þarf að endurhugsa þetta eitthvað?

Tengja við skóla BÍL annað hvert ár?

Þátttakan kostar Hugleik 200.000.- í ár. Er hægt að tengja aðalfund við eitthvað annað til að spara kostnað?

Hópur 6

Ása Hildur Guðjónsdóttir

Kristján Blær

Guðný Hrönn Sigmundsdóttir

Sveindís María Sveinsdóttir

Pjetur St. Arason.

Rætt um spurningu sem Hörður Sigurðarsson, framkvæmdastjóri BÍL, varpaði fram og hljóma svona: "Er verið að þurrka út áhugaleikhúsmenningu á Íslandi?"

Við svörum spurningunni neitandi EN það er gerð hörð atлага að henni með samdrætti á opinberum fjárframlögum, ríkið og stærstu sveitarfélögin (Rvk. og Kóp.) hafa minnkað styrki til áhugaleikfélaga, þá eru húsnæðismálin víða vandamál (Leikfélag Hafnarfjarðar, Kópavogur pressar á leikfélagið að selja og Freyvangur fyrir tveimur árum).

Við teljum það mikla starf sem nú er í leikfélögunum og fjöldi áhugaverðra sýninga vítt og breitt um landið sýna að áhugaleikhússtarf verði ekki þurrkað út svo léttilega. Hvað eigum við þá að gera, því við þurfum jú að sporna við fæti.

Við þurfum að vera sýnilegri og kynna starfið, láta vita að okkur sé full alvara með þessu sprikli öllu saman. Við þurfum að kynna okkur í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum; Facebook, Instagram, Tik-Tok og já bara þeim öllum. Við þurfum líka að vera sýnileg í kjötheimum, skólum, vinnustöðum og í kringlunni. Hér kom dæmi af kynningu á hárvörum þar sem viðkomandi talaði við fólk á Hamborgarastað í Kringlunni og bauð þeim prufur af hárvörum. "Við þurfum að flassa fyrir fólkið", sagði einhver og bætti svo við, "en þössum nú samt að vera í buxum."

Þá nær heimildamyndin hennar Önnu vonandi að gera starf okkar svolítið sýnilegt. Með sýnileika fáum við virðingu – vonandi.

Starfsáætlunin: Við leggjum til að þeir liðir sem eru undir heitinu "almenn starfsemi" breytist ekkert en liðurinn sérverkefni verði svona:

1. Haldin verði vinnustofa í tengslum við aðalfund BÍL 2025 þar sem farið verður í markaðsetningu og stjórnun leikfélaga.
2. Halda veglega upp á 75 ára afmæli Bandalags íslenskra leikfélaga, sem verður á næsta ári. Í því sambandi mætti endurvekja leiklistarhátíðina "Margt smátt".
3. Halda stuttverkahátíð í tengslum við aðalfund BÍL 2026.

Umræður um hópastarfið

Hörður stígur í pontu. Þakkar fyrir frábæra hópavinnu, margt gott komið fram. Segir búið að skipta um 3 í skólanefnd á síðustu 5 árum. Vefurinn – er ekkert viðkvæmur að fá gagnrýni á vefinn. Hann er barn síns tíma. En er með hann eins og margt annað, vantar tíma og vantar peninga. Tekur undir að það er margt hægt að bæta á vefnum. Segir að hann hafi til lengri tíma séð um vefinn í sjálfboðastarfi. Hvetur fólk að koma með tillögur, hann er opin fyrir öllu. Aðalfundargerðir eru

opnar öllum en telur ekki ástæðu til að hafa stjórnarfundir opna öllum en segir vel hægt að hafa það opið með aðgangsstýringu. Kynningar á leikfélögum, það er verið að safna upplýsingum um öll leikfélög í heiminum og sýndi kort "amateur theater of the world". Kom hugmynd að bjóða stjórnáráðgjöf á sýningar. Gott mál. Almannaheillaskrá, ekki hægt að draga félagsgjöld frá. Bendir á að sérhæfðar leikhúsvörur en ekki snyrtivörur séu seldar í Leikhúsbúðinni. Erum að selja öllum, ekki bara áhugaleikfélögum, kvikmyndir, atvinnuleikhús, framhaldsskólar. Aðildafélagun fá 20% afslátt. Safnalög, gríðarlega íþyngjandi kvaðir ætlum við að setja Leikritasfnið þar undir.

Elli segir árið í ár líklega fjölmennasta árið í Leiklistarskólanum hingað til, öll námskeið full nema leikstjórn IV og hvetur fólk til að sækja um. En þar eru vissulega forkröfur. Að hafa fyrrverandi stjórnendur í skólanefnd er mjög mikilvægt og hefur reynst mjög vel. Vonast til að Hrefna verði áfram í skólanefnd sem lengst. Fjöldi námskeiða og hvort er vont að hafa eins og leikstjórn IV í ár þar sem 5 nemendur eru skráðir en þeir sem vilja komast í leikstjórn þurfa að bíða. Námskeiðs framboð er í sífelldri umræðu, myndu vel vilja hafa 20 námskeið en mörg praktísk atriði sem þarf að skoða. Rými til kennslu er takmarkað á Reykjum. UMFÍ vill hafa okkur, vilja ekki rukka okkur of mikið og staðsetningin er góð. Að stækka skólann mikið breytir andrúmsloftinu í skólanum. Hefur sjálfur verið á námskeiðum með yfir 60 nemendum, allt annað andrúmsloft. Vilja ekki fara upp fyrir þann ramma sem nú er. Kostur að kynna skólann sem mest en væri erfitt að fá 800 umsóknir. Varðandi könnun, mögulegt að senda viku seinna en líklega væri minni svörun. Má skoða. Aðalfundur í skólanum, fráleit hugmynd. Skólinn er þannig að þar ertu að koma í verndað umhverfi. Að bæta inn nýju fólki sem kæmi á aðalfund væri ekki gott. Glæður að Sesselja skyldi nefna inngildinguna og fá erlenda íbúa inn í leikstarfið. Hafa reynt að ná þessu fólki inn með hugmyndum um ýmislegt sem hægt er að gera með þeim og jafnvel að halda fjölpjóðlega hátíð, það er synd að við höfum ekki náð inn erlendu fólki. Skólaheimsóknir algengar á Selfossi og góð leið til að kynna leikfélagið. Stingur upp á 75 hringjum í kringum landið. Af hverju erum við ekki með Bíl-dansinn?

Gerður kom til að tala um sjálfa sig. Sá sína sæng útbreidda þegar Sesselja talaði um lýðheilsu. Hún skrifaði BA ritgerð um starf leikfélags Selfoss og síðar upp úr

Þessari ritgerð grein um af hverju fólk tekur þátt í áhugaleikhúsi sem hún vill vekja athygli á.

Ellen þakkar fyrir sig, búið að vera frábært. Er með spurningu til Skólastjórnar. Finnst spurning að hafa námskeið styttri, ekki leikstjórn 4 ár í röð því þá þurfa þeir sem langar að fara í leikstjórn að bíða lengi eftir að leikstjórn 1 komi aftur. Elli segir þetta góða ábendingu og að þetta sé alltaf í skoðun.

Sigga Hafsteins veltir upp hugmyndum um hvað er hægt að gera á milli sýninga. Segir Leikfélag Selfoss hafa verið með stuttverkahátíð, góð leið til að lokka fólk inn í félagið og ekki eins mikil skuldbinding. Hafa verið með laugardagskaffi, opið hús á laugardagsmorgnum frá t.d. 10-12 eða 11-13 hefur gefist vel. Hún var sjálf í endurhæfingu þar sem hún fékk að kenna leiklist í Virk og segir að margir hafi komið að máli við sig eftir námskeið og þakkað fyrir, segja þetta hafa hjálpað mikið. Og jeij með kort, ef einhver kann að búa þetta til.

Fundarstjóri lokar fyrir umræður og segir hægt að koma aftur að þessu undir önnur mál.

11.Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Kjörnefnd fer yfir stöðu framboðsmála. Axel stígur í pontu, kjörnefnd vill fá fleiri framboð, má alveg bjóða sig fram í aðalstjórn þó að þau sem eru að ljúka sínu tímabili gefi kost á sér áfram. Síðan er farið yfir hvort allir atkvæðahafar séu mættir.

12.Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingar

13.Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Ólöf stígur í pontu fyrir hönd stjórnar og leggur fram tillögu um endurnýjun heimildar til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir skrifstofuna ef á þarf að halda þar sem staða húsnæðis er óbreytt og mikil óvissa um framhaldið.

Tillagan hljóðar svo:

„Aðalfundur BÍL gefur stjórn heimild til kaupa eða leigu á húsnæði ef aðstæður krefjast, þar sem óvissa er um framhald leigu í núverandi húsnæði. Jafnframt er veitt heimild til lántöku ef hentugt húsnæði finnst til kaupa. Ef stjórn afræður að kaupa húsnæði, skal svo fljótt sem auðið er boða til félagsfundar Bandalagsins og atkvæðagreiðslu um kaupin. Til að auðvelda og flýta ákvarðanatöku skal félögum standa til boða að taka þátt í fundinum á vefnum og greiða þar atkvæði. Umboð þetta gildir til næsta aðalfundar BÍL árið 2025.“

Tillaga samþykkt samhljóða.

Bernharð kemur með eftirfarandi tillögu:

„Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldin á Hótel Natur 4. og 5. maí 2024 samþykkir að kr. 2.000.000.- verði teknar af ríkisstyrk til leikfélaganna og renni til Bandalagsins og rekstur þess.

Bernharð Arnarson

Axel Vatnsdal“

Sesselja spyr út í hvort hefð sé fyrir þessu.

Ólöf svarar að hér áður fyrr var þetta bara tekið, en fyrir nokkrum árum var ákveðið að bera þetta alltaf undir aðalfund. Þessi upphæð er það sem stjórn telur að dugi til að dekkja rekstur skrifstofunnar.

Sesselja spyr hvort það hafi ekki verið rætt að hækka árgjald félaga til að dekkja þetta.

Ólöf segir að það myndi þurfa að hækka árgjaldið verulega.

Hörður bætir við að þetta hafi verið gert í fjöldamörg ár, ef við færum að hækka árgjöldin þá myndi það þýða að minna virk félög færu verr út úr þessu en á móti kemur að þetta er ekki veruleg lækkun á ríkisstyrknum fyrir hvert félag. Segir að það sé vel hægt að fella þessa tillögu en þá veit hann ekki hvað yrði um Bandalagið.

Bernharð talar um að Þjónustumiðstöðin og Bandalagið sé okkur gríðarlega mikilvæg. Við getum leitað með allt til þeirra. Er okkur mjög mikilvægt og á móti kemur að þetta er smáræði fyrir leikfélögin sem eru að fá styrk en allt fyrir

Þjónustumiðstöðina. Þetta er ekki sjálfsagt, ekki verið að stela þessu heldur ræða málin. Hvetur til að tillaga verði samþykkt.

Tillaga borin upp til atkvæða og er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Ólöf þakkar hópum fyrir frábæra vinnu. Les upp tillögu að starfsáætlun sem ekki hefur tekið breytingum frá tillögu stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

15. Stjórnarkjör.

Anna María, Jónheiður og Hanna Margrét eiga að ganga úr stjórn, allar gefa kost á sér áfram og engin mótframboð hafa komið. Þær eru því sjálfkjörnar.

Tvær eiga að ganga úr varastjórn, þær Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir og Lilja Guðmundsdóttir, þær gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Þrjú framboð hafa borist, það er frá: Daða Frey Þorgeirssyni frá Leikfélagi Keflavíkur, Pjetri St. Arasyni frá Leikfélagi Norðfjarðar og Ólafi Þórðarsyni frá Leikfélagi Hafnarfjarðar.

Frambjóðendur kynna sig.

Kosningu hljóta

- Daði Freyr Þorgeirsson
- Pjetur St. Arason

16.a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

Í kjörnefnd sitja, Dýrleif Jónsdóttir, Gerður Sigurðardóttir og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Axel Vatnsdal til vara. Dýrleif gefur ekki kost á sér áfram. Engin framboð hafa borist í þetta embætti og kjörnefnd leggur til að Axel verði aðalmaður og taki að sér formennsku kjörnefndar í stað Dýrleifar og Sigrún Tryggvadóttir komi inn sem varamaður. Klappað var fyrir þessari tilhögun.

17.b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Ingveldur Lára Þórðardóttir og Oddfreyja Oddfreysdóttir eru endurskoðendur og Örn Alexandersson til vara. Ekkert þeirra hefur gefið til kynna að þau vilji hætta og eru þau klöppuð til áframhaldandi setu.

Kosningum lokið

18.Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Gísli Björn greinir frá að hann hafi framreiknað árgjald frá því í fyrra sem var 94.000.- og samkvæmt þeim útreikningum komist að þeirri niðurstöðu að fullt árgjald yrði 100.000.- en í samráði við framkvæmdastjóra er tillaga stjórnar eftirfarandi:

„Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2024 2025 verði 98.000.-

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 147.000.-

Félög sem setji ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða 49.000.-„

Tillaga borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

19.Önnur mál

Helga Sveinbjörnsdóttir frá Leikfélagi Húsavíkur kemur upp þakkar fyrir tækifærið að fá að koma. Segir margt hafa verið rætt sem hún skilur ekki. Vill nefna að fyrir þann sem kemur nýr inn, sé þetta svolítið eins og nýi makinn á ættarmóti. Kannski ekkert hægt að gera annað en að koma og mingla. Segir frá sínu starfi í leikhúsinu og talar meðal annars um að plantan Auður hafi gerst víðreist eftir að þau settu upp Litlu Hryllingsbúðina og leggur til að það verði bætt við propssafnslista á Leiklistarvefnum.

Pjetur St. Stígur í pontu og segir í framhaldi af því sem Helga talaði um að það sé það sama í Leikfélagi Verkmenntaskóla Austurlands, þau eigi líka búninga úr Grís sem hafi verið lánaðir víða.

Hörður stígur í pontu, segir leikmunalista frábæra hugmynd sem kom fram fyrir um það bil 10 árum síðan og þá hafi hann sett inn form á leiklist.is þar sem hægt

var að skrá muni og búninga en það kom ekkert inn þar. Sjálfsagt mál að opna það form aftur.

Sigríður Hafsteins bendir á Facebooksíðuna Landsnet áhugaleikfélaga, þar sé oft settar inn beiðnir um búninga eða leikmuni.

Baddi stígur í pontu og talar um gagnageymslu og verðmæti sem leikfélögin eru að skapa á hverju ári í formi mynda, handrita og upptaka. Nefnir að t.d. væri hægt að vista allt leikritasafn bandalagsins í formi upptaka sem kæmist fyrir á einum hörðum disk. Hvetur félög til að passa vel upp á frumeintök. En senda samt áfram afrit til Bandalagsins.

Elli þakkar fyrir þessa ræðu Badda. Hann vinnur sjálfur á héraðsskjalasafni og er því málið skylt. Leikfélag Selfoss hefur skilað mikið af sínum gögnum á héraðsskjalasafnið. Þau geyma t.d. fundargerðabók á héraðsskjalasafninu og fá hana bara lánaða fyrir aðalfundi. Hvetur félög til að passa upp á allt sitt. Handrit, leikskrár, ljósmyndir, upptökur og allt sem einhver verðmæti eru í til varðveislu. Vera alltaf með afrit af öllu sem gert er.

Anna María segir frá að Freyvangsleikhúsið hafi fengið gefins fullt af snyrtivörum frá Rósinni á Akureyri og erum búnar að setja bland í poka fyrir öll leikfélögin sem má taka með sér heim.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Fundarstjóri gefur Ólöfu orðið.

Hún auglýsir eftir fundarstað fyrir næsta aðalfund þar sem enginn hefur komið fram með boð. Hvetur þá landshluta sem ekki hafa haldið fund lengi að bjóða heim.

Hún þakkar Freyvangsleikhúsinu fyrir góðar móttökur á fundi sem og fyrir umsjón með stuttverkahátíð.

Hún þakkar fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og óskar nýjum stjórnarmönnum til hamingju með sína kosningu.

Hún hvetur leikfélögin að hafa samband við sínar fóstrur. Upplýsingar séu á heimasíðu um hver fóstrar hvaða félag.

Ólöf þakkar að lokum fundarstjóra fyrir fundarstjórn og öllum fyrir komuna og slítur fundi.